



94. stjórnarfundur

Dagsetning	25.9.2025
Tími	16:00
Fundi lauk	17:50
Staðsetning	Flugvelli 33

Stjórnarmenn boðaðir:

Trausti Arngrímsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðbergur Reynisson, Sigursveinn Bjarni Jónsson, Friðrik Valdimar Árnason og Eypór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri.

Forföll:

Birgitta Rún Birgisdóttir - Guðbergur Reynisson sat fyrir hana.

Birgir Örn Ólafsson - Friðrik Valdimar Árnason sat fyrir hann.

Dagskrá fundar

1. Breyting á stjórn..... 1
2. Skýrsla slökkviliðsstjóra 1
3. Staða fjármála 2
4. Fjárhagsáætlun 2026 – 2029..... 2
5. Brunavarnaráætlun..... 2
6. Erindi frá Reykjanesbæ 2
7. Starfsmannamál..... 3
8. Önnur mál 3

Fundargerð

1. Breyting á stjórn

Breyting er á fulltrúa frá Sjálfstæðisflokki í Reykjanesbæ. Helga Jóhanna Oddsdóttir fer út sem aðalmaður og Birgitta Rún Birgisdóttir kemur inn sem aðalmaður. Tekið er fyrir bókun frá bæjarráði Reykjanesbæjar frá 22. maí 2025.

Stjórn BS býður Birgittu Rún velkomna sem aðalmann í stjórn og þakkar Helgu Jóhönnu fyrir störf sín fyrir stjórn BS.

2. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri fer yfir helstu tölfræði í tengslum við útköll á árinu. Fjöldi sjúkraflutninga er svipaður og á árinu 2024. Mikil aukning hefur verið í útköllum á dælubíl eða 35% milli ára.



Mikil aukning er á sjúkraflutningum milli ára í tengslum við flugstöðina eða 16% og þar af eru 36,7% flutningar afgreitt á staðnum eða aðgerða ekki þörf. Þörf er á því fara yfir þennan málaflokk með viðeigandi aðilum til að meta kostnaðinn og framtíðar fyrirkomulag.

Slökkviliðsstjóri fór yfir brunann í haug af kurluðu timburkurli hjá Íslenska gámafélaginu en tveir brunar voru þar í sumar. Einnig var í sumar mikill eldur hjá Brunavörnum Árnessýslu í sambærilegum haug. Vinna er hafin í samvinnu við húsnæðis og mannvirkjastofnun að meta áhættur í tengslum við bruna í kurluðu timbri sem og að koma með leiðbeiningar til fyrirtækja og sveitarfélaga varðandi geymslusvæði, þar sem þetta er orðið vaxandi vandamál. Mikilvægt er að hafa gott aðgengi að haugnum og aðgang að nægu slökkvivatni.

Körfubíll er væntanlegur til okkar í maí 2026.

Umræður um dælubíl. Þurfum að rýna það að kaupa nýjan dælubíl, helst um 2027.

3. Staða fjármála

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála hjá Brunavörnum Suðurnesja. Kynnt sex mánaða uppgjör fyrir stjórn. Tekjur hafa minnkað um 2,9% frá 2024 sem má tengja að öllu leyti við minnkandi umsvif vegna almannavarna verkefna. Rekstrarkostnaður hefur aukist um 7,6% sem er aðallega til komið vegna hækkunar og leiðréttingar á kjarasamningum. Farið yfir kostnað í tengslum við aðkeypta sérfræðupjónustu. Búið að uppfæra vörslu gagna á skýinu, lokavinna er hafin á netöryggi og netaðgengi.

4. Fjárhagsáætlun 2026 – 2029

Slökkviliðsstjóri leggur fram fjárhagsáætlun fyrir árin 2026 – 2029. Viðauki er við tekjustofn þar sem samningur við Sjúkratryggingar Íslands verður laus í lok árs 2025. Viðræður um framlengingu á samningi eru í ferli en niðurstaða mun ekki liggja fyrir lok fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun samþykkt af stjórn

5. Brunavarnaráætlun

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu Brunavarnaráætlunar sem mun gilda 2026 – 2029. Vinna hefur staðið yfir í tæpt ár og vinnan er á lokametrunum. Markmið er að brunavarnaráætlun verði lögð fyrir næsta stjórnarfund þann 23. október.

6. Erindi frá Reykjanesbæ

Fyrir liggur erindi frá Reykjanesbæ vegna viðauka við stofnanasamning hjá Brunavörnum Suðurnesja. Átt er við gr.5.6 þar kemur fram að mánaðarleg rekstrarframlög eru greidd eigi síðar en 5. hvers mánaðar. Reykjanesbær óskar eftir breytingu að rekstrarframlög séu greidd milli 20. og 25. hvers mánaðar.

Stjórn samþykkir að fresta erindinu til næsta fundar. Slökkviliðsstjóri er falið að vinna málið áfram. Sveitastjórnarfulltrúar Voga og Suðurnesjabæjar rýna fordæmi málsins milli funda.



7. Starfsmannamál

Slökkviliðsstjóri fer yfir viðauka við ráðningarsamninga sem gerðir hafa verið við yfirmenn hjá Brunavörnum Suðurnesja.

Slökkviliðsstjóri óskar eftir heimild að uppfæra annað stöðugildi í launa og fjárhagsdeild úr 40% í 100% starf. Viðkomandi mun einnig nýttast í samningsgerð með slökkviliðsstjóra og stuðningur við mannauðsmál. Nú er 1,4 stöðugildi á bókhaldsdeild BS. Alls eru 40 starfsmenn hjá BS.

8. Önnur mál

Nýtt skipurit hjá Brunavörnum Suðurnesja lagt fram til kynningar.

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu á smíði á nýjum körfubíl BS. Bíllinn verður afhentur frá Þýskalandi í lok janúar og fer síðan til Skotlands þar sem smíðað verður skápa og gengið frá lokafrágangi. Reiknað er með að bíllinn verði kominn til landsins í apríl 2026.

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu dælubíla hjá Brunavörnum Suðurnesja. Dælugeta liðsins hefur minnkað um 5000 l/mín. frá síðustu brunavarnaráætlun, þar sem einn dælubíll datt úr notkun 2024 og hefur ekki verið endurnýjaður. Samkvæmt áhættumati brunavarnaráætlunar er dælugeta liðsins í lágmarki. Slökkviliðsstjóri ítrekar þörf liðsins fyrir nýjan dælubíl.